



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi GSÍ - 3.10.2017 kl. 17:15

**Mætt:**

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Baldvin Hansson (BH), Einar Gunnlaugsson (EG), Torfi Arnarson (TA)

**Fjarverandi:**

Ragnar Róbertsson (RR), Garðar Þór Garðarsson (GPÞG),

ÞA ritaði fundargerð.

- 1. Vegna merkingar á keppnisbifreið í götuspyrnu 5. ágúst 2017**  
Stjórn AKÍS þakkar yfirlýsingu stjórnar BA og mun ekki aðhafst neitt frekar í þessu máli.
- 2. Umsókn BA að halda FIA-NEZ keppni 2018**  
AKÍS styður beiðni BA um að halda NEZ Formula Offroad keppni 2018 og mun koma henni áfram í réttan farveg.
- 3. Brautarumsögn BA, staðan sem upp er komin**  
Rætt var um brautarumsögn hjá BA. Það upplýstist að það er vonast til að skoðunarmenn frá FIA og FIM komi til landsins í þessum mánuði og skoði brautir hérlendis, áður en vetur kemur.
- 4. Niðurstaða rýnihóps AKÍS um frumvarp til nýrra umferðarlaga**  
Samþykkt tillaga að svari til Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins.
- 5. Skrif Garðars Gunnarssonar á Facebook um helgina um AKÍS**  
Svo virðist sem reglur settar á síðasta ársþingi AKÍS um skrif þeirra sem koma nálægt keppnum og keppnishaldi á samfélagsmiðlum hafi ekki náð til allra.

Það er stjórn AKÍS afar þungbært að þurfa að minna Garðar Gunnarsson, fyrrum forseta Landsambands Íslenskra Akstursfélaga (LÍA) og fyrrum formann Akstursípróttafélags Suðurnesja (AÍFS) að gæta hófs í orðum er hann ritar á samfélagsmiðla, eins og til dæmis Facebook sem hann gerði nú um helgina.

Orðaval hans er ósæmandi og efnistöð slík að sýnt þykir að viðkomandi hafi ekki reynt að leita sér upplýsinga um málefnið áður en sest var við skriftir. Stjórn AKÍS telur að fyrrum forseti LÍA, formaður klúbbs sem heldur keppni á vegum AKÍS og sem keppnisstjóri fjölmargra keppna eigi að vita að AKÍS birtir aðeins úrslit eftir að keppnishaldari hefur sent þau formlega til AKÍS. Framkvæmdastjóri AKÍS getur aðeins



gengið eftir því að úrslit séu send inn til að vinna úr, ekki gert þau samkvæmt upplýsingum einhvers staðar frá á netinu.

Stjórn AKÍS er kunnugt um að stjórnarfundir LÍA hafi verið færðir til bókar, en hefur þær fundargerðir ekki undir höndum. Það sama er að segja um fundargerðir aðalfunda LÍA. Sem fyrrum forseti LÍA á Garðar að vita að ákvarðanir um fjárútlát eru tilgreindar í fundargerðum stjórnar og birtast í reikningum AKÍS. Bæði [fundargerðir stjórnar AKÍS](#) og einnig þinggerðir ársþinga AKÍS eru aðgengilegar á netinu. Við ritun [þinggerðar fyrir ársþingið 2017](#) var ákveðið að fella inn í hana reikninga AKÍS með skýringum, svo þeir væru einnig aðgengilegir fyrir þá sem vildu skoða þá.

Stjórn AKÍS vísar öllu tali um þöggun og leyndarhyggju á bug og væri það gott ef fleiri færu eftir því að vera með allar ákvarðanir sýnilegar og aðgengilegar hverjum sem vill skoða þær.

Það er von stjórnar AKÍS og vinsamleg tilmæli til Garðars Gunnarssonar að í framtíðinni gæti hann hófs í orðum sínum er hann ritar á samfélagsmiðla um menn og málefni - hvort heldur þau skrif eru um akstursíþróttir eða almenns eðlis.

#### **6. Formannafundur 2017**

Samþykkt að formannafundur ásamt verðlaunaafhendingu meistaratitla verði 11. nóvember 2017 og með sama sniði og á síðasta ári.

AKÍS sendir á formenn félaga og keppnisráð boð um að senda inn tillögur um reglubreytingar fyrir næsta tímabil.

Keppnisráð senda inn tilnefningar til Akstursíþróttamanns ársins, karl og konu.

#### **7. eRally fundur keppnishaldara í Genf 24. okt. 2017**

Samþykkt að TMP ásamt Bergsveini Theódórssyni sem ábyrgðaraðili eRally fyrir AKÍS mæti á fund væntanlegra keppnishaldara í eRally 2018 sem haldinn er í Genf 24. okt. 2017.

#### **8. Önnur mál**

**Mótakerfi** - Bæta ætti við möguleika á að stilla keppnisgjald eftir flokkum ásamt möguleika á að fela keppendalista þar til skráningu er lokað.

#### **9. Næsti fundur**

17. október 2017 @ 18:00 á Google Hangouts.